

147
26. júlí

AUGLÝSING

um breyting á reglugerð fyrir vatnsveitu í Bolungavík, nr. 105 26. maí 1943.

9. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum íbúðarhúsum og öðrum slíkum húsum, þar sem vatns er þörf, skal greiða vatnsskatt og skal hann lagður á eftir fasteignamatsverði húsanna, sem hér segir:

Af húsum að fasteignamatsverði kr.	4000.00	greiðist kr.	100.00
— — — —	4001.00— 5000.00	— —	125.00
— — — —	5001.00— 6000.00	— —	150.00
— — — —	6001.00— 7000.00	— —	175.00
— — — —	7001.00— 8000.00	— —	200.00
— — — —	8001.00— 9000.00	— —	210.00
— — — —	9001.00—10000.00	— —	220.00
— — — —	10001.00—11000.00	— —	230.00
— — — —	11001.00—12000.00	— —	240.00
— — — —	12001.00—13000.00	— —	250.00
— — — —	13001.00—14000.00	— —	260.00
— — — —	14001.00—15000.00	— —	270.00
— — — —	15001.00—16000.00	— —	280.00
— — — —	16001.00—17000.00	— —	290.00
— — — —	17001.00—18000.00	— —	300.00

Af húsum að fasteignamati yfir kr. 18000.00 skal greiða kr. 300.00 af kr. 18000.00, en $1\frac{1}{2}\%$ af afgangi.

Reglugerðarbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 26. júlí 1951.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Hallgrímur Dalberg.

148
26. júlí

SAMPYKKT

fyrir Vatnsveitufélag Grafarness.

1. gr.

Félagið heitir Vatnsveitufélag Grafarness. Heimili þess og varnarþing er í Eyrarsveit, Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að sjá þorpinu fyrir vatni.

3. gr.

Skylt er öllum þeim, sem eiga hús í Grafarnesþorpi, þ. e. á því svæði, sem skipulagsuppdráttur nær yfir, að vera meðlimir Vatnsveitufélags Grafarness, nema til komi